

396. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 22. september 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Davið Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Frágangur á lóð við Norska húsið.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Aldís Sigurðardóttir og Gunnar Kristjánsson munu mæta á næsta bæjarráðsfund.
2. Víkurhverfi – deiliskipulag.
Samþykkt að ganga til samninga við Skipavík um hluta af Víkursvæðinu. Samþykkt að láta vinna deiluskipulag fyrir Víkursvæðið í heild sinni.
3. Teikningar frá Íslandspósti.
Teikningar framlagðar og vísað til skipulags-og byggingarnefndar.
4. Sala á útgerðarfélaginu Sólborgu ehf.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.
5. Bréf Sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 14.9.'05 vegna úthlutunar á byggðakvóta.
Bréf framlagt.
6. Aðalfundur SSV 28. október 2005.
Fundarboð framlagt.
7. Umsókn Skipavíkur á lóð við Laufásveg.
Samþykkt að veita Skipavík lóðina við Laufásveg merktur reitur B, Davíð sat hjá.
8. Samningur við Vegagerð ríkisins.
Samningur samþykktur og bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.
9. Samningur við Golfklúbbinn Mostra vegna áframhaldandi uppbyggingar á golfvelli.
Samþykkt að ganga til samninga við Mostra samkvæmt framlögðum drögum að samningi.
10. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga 10. og 11. nóvember n.k.
Framlagt.
11. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
Bæjarstjóri lagði fram tillögu varðandi áður samþykktu lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð kr. 100.000.000 með 4,03% föstum vöxtum auk verðtryggingu neysluvísitölu, lánið er til 15 ára. Tillagan samþykkt samhljóða.
12. Tillaga frá Davíð að Sæbraut verði látinn heita “Súgandiseyjargata”.
Bæjarráð tekur jákvætt undir tillöguna og samþykkt að vísa tillögunni til umfjöllunar í skipulags-og byggingarnefnd.

13. Beiðni Sýslumanns Snæfellinga varðandi niðurfellinga gjalda vegna dánarbús.
Samþykkt.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þór Örn Jónsson, bæjarritari